

Rangárþing ytra
b/t Haraldur Birgir Haraldsson
Suðurlandsvegur 1-3
850 Hella

Reykjavík 1. apríl 2019
UST201903-186/A.B.
10.04.03

**Efni: Deiliskipulag - Miðlunartankur hitaveitu í landi Marteinstungu –
Rangárþing ytra**

Vísað er til erindis skipulags- og byggingarfulltrúa Rangárþings ytra er barst 19. mars sl. þar sem óskað er umsagnar Umhverfisstofnunar um lýsingu tillögu að deiliskipulagi fyrir miðlunartankur hitaveitu í landi Marteinstungu í Rangárþing ytra.

Í greinargerð kemur fram að tillagan gengur út á að afmörkuð er 1.500 m² lóð fyrir miðlunartank hitaveitu og 33m² dæluhús og einnig kemur fram að meginástæða framkvæmdar er að auka þrýsting á núverandi hitaveitukerfi.

Að mati Umhverfisstofnunar er í ofangreindri skipulagslýsingu, gerð grein með skýrum hætti fyrir þeim þáttum sem þörf er á og í því umfangi sem tillagan gefur tilefni til.


Umhverfisstofnun telur að óbreyttu, að skipulagsáætlunin gefi ekki tilefni til frekari umsagnar stofnunarinnar í skipulagsferlinu, þar sem á skipulagssvæðinu eru ekki friðlýst svæði, svæði á náttúruminjasrá eða svæði er njóta sérstakrar verndar skv. 61. gr laga um náttúruvernd nr. 60/2013.

Stofnunin bendir þó á að ef til þess kemur að veruleg frávik verða frá ofangreindri skipulagsáætlun, þá sérstaklega varðandi náttúruverndarsvæði þá gæti orðið tilefni til frekari umsagnar.



Axel Benediktsson
Sérfræðingur

Virðingarfyllst



Kristín S. Jónsdóttir
Sérfræðingur